


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>MYL 504 Málverk</b> <b>Kennsluáætlun haust 2014</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

**Kennari:** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

**Viðtalstími:** miðvikudaga 9:40-10:20

### Áfangalýsing

Lokaverkefni þessa áfanga er málverk, unnið með akríllitum. Megin áhersla er lögð á ferlið frá hugmynd að málverki: frumdrög, rannsókn, formrænt þróunarferli, litur, málverk. Hvernig þróast hugmynd, hvernig verður málverk til? Myndefni er sótt í umhverfið. Nemendur spreyta sig á að byggja upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Engin leið er sjálfgefin, niðurstaða fæst einungis með tilraunum og verður því markvissari sem fleiri möguleikar hafa verið kannaðir, bæði hugmyndalega og tæknilega. Umræður á öllum stigum ferlisins um verk nemenda einstaklingslega og innan hópsins.

### Kjarnahugtök

Umhverfi, úti, inni, sjónarhorn, myndefni, myndbygging, myndmál, form, litur, skissa, úrvinnsla, teikning, málverk, hugmyndapróun, persónuleg afstaða.

### Markmið

Nemandi:

- auki reynslu sína af að leita myndefnis í umhverfi sínu
- reyni mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengi formræna framsetningu við inntak verka sinna
- sýni persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu
- þroski myndræna skynjun sína með aukinni reynslu og öguðum vinnubrögðum
- geti unnið eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru, frá frumskissu að niðurstöðu
- venjist því að leita stöðugt fleiri leiða til að styrkja myndefni sitt
- geti unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- greini samhengi við áður fengna þekkingu og yfirfæri reynslu úr fyrri áföngum á vinnu sína
- rökstyðji niðurstöður sínar með tilvísun til faglegrar þekkingar
- leitir sér heimilda sem að gagni geta komið
- meðhöndli þau efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- yfirfæri og þrói áfram niðurstöður sínar úr skissuvinnuferli í málverk
- fjalli um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og geri grein fyrir forsendum álitis síns


### Áætlun um yfirferð

1. Kynning og upphitun (1 vika)
2. Efnisóflun og hugmyndavinna (3 vikur)
3. Útfærsla og tilraunir (4 vikur)
4. Málverk (5 vikur)
5. Yfirferð (1 vika)

Vikuskipting er til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hver að sínu verki.

Hver nemandi útbýr og flytur stutta kynningu á einum listamanni um miðbik annar. Opið hús í lok annar.

**Mikilvægt að halda allri vinnu til haga, skissum, ljósmyndum, teikningum, prufum, dagbókarfærslum o.fl. og skila í lok annar ásamt fullunnu málverki.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>MYL 504 Málverk</b>	
Síða 2 af 3	<b>Kennsluáætlun haust 2014</b>	

### Námsmat

Próflaus áfangi. Öll vinna nemenda er metin með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati.

Til grundvallar kennaramats:

Ferlið eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 45%

Opinn hugur – frumleiki - vinna úr upplýsingum – ígrundun – rannsókn - verkleg færni

Verkin sjálf eða afraksturinn 45%

Afrakstur í tengslum við ætlan - notkun grunnreglna - vald á efnum og aðferðum

Þáttaka í umræðum og kynning á listamanni 5%.

Mæting 5%.

### Verkfæri og efni

Dagbók, skissubók, (myndavél)

Blýantar, kol, trélitir, litkrít, glæsur ofl.

Ýmsar pappírstegundir

Strigi, lím, grunnur, blindrammi

Akríllitir, íblöndunarefni

Penslar, sköfur

Ýmsar bækur af bókasafni + netsíður

Mappa eða einhverskonar geymsla fyrir alla vinnu!

-Það sem er undirstrikað þurfa nemendur að útvega sjálfir.


*Luc Tuymans: The small space between the pictures explanation and the picture itself provides the only possible perspective on the painting. Every picture is incomplete just as every memory is also incomplete.*



***Gangi ykkur vel!***

*Með fyrirvara um breytingar.*

*Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar*

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>MYL 504 Málverk Kennsluáætlun haust 2014</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils